



Fundargerð stjórnar SOS nr. 319

Staður: Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi

Dagsetning og tími: 7. september 2023, kl. 13:00.

Mætt voru: Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og í fjarfundarbúnaði Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð. Þá mætti á fundinn Bjarni Guðmundsson (BG) frá SASS.

1. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi 2022-2033

Lögð fram til kynningar aðgerðaráætlun SOS í svæðisáætlun. Ef ekki verður af sameiginlegri kynningu á svæðisáætlun þá leggur stjórn upp með að aðgerðaráætlun SOS verði kynnt á aðalfundi 27. október nk.

2. Samstarfsvettvangur sorpsamlaga á Suðvesturhorni – Fundargerð 26. apríl 2023.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Samstarfsvettvangur sorpsamlaga á Suðvesturhorni – Fundargerð 17. maí 2023.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. Samstarfsvettvangur sorpsamlaga á Suðvesturhorni – Fundargerð 14. júní 2023.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. Samstarfsvettvangur sorpsamlaga á Suðvesturhorni – Fundargerð 16. ágúst 2023.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. Undirbúningur fyrir aðalfund SOS

Undirbúningur dagskrár aðalfundar. Rætt um möguleika á erindum/kynningum frá Orkugerðinni og Úrvinnslusjóði. Ræddar tillögur fyrir dagskrá fundarins um nýtingu fjármuna í sameiginleg verkefni, svo sem vegna móttöku á úrgangi úr fituskiljum. Ákveðið að óska eftir ábendingum frá aðildarsveitarfélögum varðandi möguleg verkefni fyrir SOS til að vinna að, sem myndi nýtast öllum sveitarfélögum á svæðinu.

Framkvæmdarstjóra SASS falið að senda út erindi á sveitarfélögin og verða niðurstöðurnar lagðar fyrir næsta fund stjórnar. Jafnframt verður farið yfir drög að ársskýrslu, fjárhagsáætlun og gjaldskrá á næsta fundi stjórnar þann 2. október. Formanni falið að leggja fram drög að endurskoðuðum samþykktum SOS á næsta fundi stjórnar.

7. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Gert er ráð fyrir að næstu fundir stjórnar verði haldnir klukkan 14:00 þann 2. október nk. og þann 25. október nk. kl. 20:00. Stefnt að því að fundur verði haldinn þann 13. nóvember nk. kl. 13 á Hvolsvelli og farið verði í skoðunarferð á Strönd.

Fundi slitið klukkan 14:12.